



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingishúsið við Austurvöll
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 16. febrúar 2022

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um viðspyrnustyrki nr. 160/2020 , nr. 291 mál

Hinn 8. febrúar sl. barst Samtökum ferðaþjónustunnar – SAF og Samtökum atvinnulífsins (samtökin) beiðni um umsögn um breytingu á lögum um viðspyrnustyrki, nr. 160/2020. Frumvarpinu er ætlað að framlengja úrræði stjórnvalda um viðspyrnustyrki til og með mars 2022. Frumvarpið hefur verið yfirfarið á vettvangi samtakanna og vilja samtökin koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Stjórnvöld þurfa að styðja atvinnurekendur á meðan áhrifa faraldursins er til staðar

Samtökin vilja byrja á því að fagna frumvarpinu enda eru viðspyrnustyrkir nauðsynlegir fyrir rekstraraðila sem sæta skerðingu á atvinnustarfsemi vegna sóttvarnaaðgerða stjórnvalda og heimsfaraldursins sem hafa bein áhrif á þeirra rekstur. Það er þörf á áframhaldandi úrræðum stjórnvalda fyrir ferðaþjónustufyrirtæki enda hafa aðstæður í faraldrinum nú töluverð áhrif á fyrirtækin, sérstaklega þau sem nú leggja áherslu á að halda ráðningarsambandi við starfsfólk yfir vetrarmánuðina. Mikilvægt er að brúa bilið fram til þess að ferðavilji glæðist í vor, en bókunarstaða inn á háönnina gefur fyrirheit um að ferðaþjónusta geti þá náð sér ágætlega á strik, sbr. spár greiningaraðila.

Samtökin benda sérstaklega á að nýleg fjárhagsgreining KPMG og Ferðamálastofu á stöðu ferðaþjónustufyrirtækja sýni með skýrum hætti hversu mikilvæg stuðningsúrræði stjórnvalda hafa reynst frá upphafi faraldursins.

Frumvarpið er liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að draga úr tjóni vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og skapa öflugan viðspyrnu í kjölfar hans. Enn er óvissa um efnahag landsins og í heiminum öllum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og aðgerða stjórnvalda tengdum honum. Á meðan aðgerðir stjórnvalda og áhrifa heimsfaraldurs varir hér á landi þá hafa samtökin bent á að stjórnvöld þurfa að bæta rekstraraðilum upp það tjón sem þau skapa rekstraraðilum með aðgerðum sínum. Samtökin hafa áður bent á að stjórnvöld eigi að nýta aðra nálgun en aðferðafræði viðspyrnustyrkja til að koma til móts við tjón hjá rekstraraðilum. Sérstaklega þegar svo langt er um liðið frá samanburðar mánuðinum um tekjufall.

Tekjutapið tengt við vísitölu neysluverðs eða lækka tekjufallið um 10%

Samtökin vilja benda stjórnvöldum að nú þurfi að bera saman tekjuviðmið tveggja mánaða með þriggja ára millibili með öðrum hætti. Í lögum um viðspyrnustyrki er tekið fram í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna að tekjur umsóknaraðila þurfi að vera í umsóknarmánuði 40% lægri en í sama almanaksmánuði árið 2019. Það er mikilvægt að hafa það í huga að í janúar 2019 til desember 2021 hefur almennt verðlag hækkað um 11,5%, það þýðir að viðmiðunarfjárhæðin þarf að vera hærri sem því nemur til að halda verðgildi sínu frá janúar 2019 til desember 2021. Ef tekjur rekstraraðila í janúar 2019 voru 300 m.kr eru tekjur, leiðréttar fyrir verðbólgu, 335 m. kr. í desember 2021.

Eðlilegt er að tekið sé tillit til þessa í samanburði tekna vegna skilyrðis um tekjufall. Samtökin gera sér grein fyrir því að slík regla gæti flækt vinnu við útreikninga og forritunavinnu hjá stjórnvaldinu, Skattinum. Hins vegar verða stjórnvöld að aðlaga reglurnar að samfélaginu en ekki samfélagið að reglunum.



Samtökin leggja því til að við útreikning á tekjufalli veitingastaðar skuli taka mið af verðhækkunum samkvæmt almennri vísitölu neysluverðs. Ef ekki þá leggja samtökin til að tekjufalls viðmiðið verði lækkað í 30% til að koma til móts við verðlagsbreytingar.

Lengja styrktartímabilið

Samtökin leggja einnig til að a. liður 2. gr. frumvarpsins verði apríl 2022 enda um lágsta tekjumánuð ferðapjónustufyrirtækja og ef frumvarpið á að ná markmiðum sínum um að brúa bilið fram til þess að ferðavilji glæðist þá er nauðsynlegt að tímabilið sé lengt um einn mánuð. Þó sóttvarnaraðgerðir séu mögulega aflagðar í mars 2022 þá tekur það alltaf tíma fyrir ferðapjónustuna að taka við sér. A.m.k. mánaðaraðlögun er því nauðsynleg.

Umsóknarfrestur

Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um umsóknarfrest fyrir viðspyrnustyrki. Samtökin leggja til að ákvæðinu verði breytt með þeim hætti að allar umsóknir fyrir viðspyrnustyrki hafi sama umsóknartíma og því verði viðspyrnustyrkir fyrri tímabila framlengdur. Umsóknarfrestur fyrri tímabila rann út um síðustu áramót en viðspyrnustyrkir vegna nóvember 2021 rennur út 1. mars nk. Til að einfalda öll þessi mál leggja samtökin til að allir viðspyrnustyrkir hafi umsóknarfrest til 30. júní 2022.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Halldór Benjamín Þorbergsson

Jóhannes Þór Skúlason